

Grænfána-
Skýrsla
2019-2021

Heiðarskóli í
Hvalfjarðarsveit



Helena Bergström
Apríl 2021

Inngangur.....	2
Umhverfisnefndin.....	4
Mat á stöðu umhverfismála.....	4
Áætlun um aðgerðir og markmið.....	4
Eftirlit og endurmat.....	5
Námsefnisgerð og tenging við námsskrá skólans.....	5
Kynning á stefnunni.....	15
Umhverfissáttmáli.....	15
Fylgiskjöl	
Fundargerðir.....	17
Markmiðssetningablöð.....	20
Gátlistar.....	24

Inngangur

Í Heiðarskóla erum við nú að stefna á okkar 7. Græn Fána. Síðasta skólaár hefur verið öðruvísi vegna Covid-19 en við höfum gert okkar besta til að ná settum markmiðum. Margt þarf að breytast næstu árin og við finnum fyrir því að allir þurfa að taka þátt í þeim breytingum. Sem betur fer eru börnin til í flest. Plastmengun er ofarlega í umræðunni. Það er svo sýnilegt, dýrin í hafinu lenda oft mjög illa í þessu, erfiðara er þó að vinna með ósýnilega mengun eins og gróðurhúslofttegundir.

En það er mikilvægt að hver og einn finni fyrir að við getum öll gert eitthvað, litlu verkefni skipta líka máli og það sem við gerum dags daglega. Í Heiðarskóla finnst okkur útivera mjög mikilvæg og eiginlega grunnurinn fyrir umhverfismennt. Við viljum vernda það sem við þekkjum og þykir vænt um. Það kemur líka betur og betur í ljós að við þurfum meira en Google, við þurfum meiri kunnáttu og að skilja náttúruna betur til að geta verndað hana.

Í skýrslunni kemur fram hvernig við tökumst á við þetta verkefni og þar sést að óháð aldri erum við öll að taka þátt og byrjuð að breyta því sem breyta þarf.



1. Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefndinni eru fulltrúar frá öllum bekkjum, frá 1.-10. bekk. Á haustin tekur ný nefnd til starfa. Áhugasamir nemendur sækja um og þurfa að skilgreina af hverju þau vilja taka þátt í Grænfánastarfinu, ef það er erfitt að velja fulltrúa er dregið um sætin. Við hvetjum samt nemendur til þess að taka þátt í umhverfisnefndinni einhvern tíma á skólagöngu. Í nefndinni eru líka þrír kennarar, skólastjórinn og einn almennur starfsmaður.

Við fundum yfirleitt einu sinni í mánuði, en síðan í mars í fyrra, 2020, höfum við ekki getað fundað eins og reglulega vegna Covid-19.

Í nefndinni eru lýðræðisleg vinnubrögð viðhöfð og við ræðum öll verkefni sem tengjast umhverfismennt í Heiðarskóla og nemendur koma með athugasemdir og hugmyndir. Við hvetjum fulltrúa til að fræða bekkjarfélaga sína um það sem er á döfinni.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Að hausti, þegar umhverfisnefndin hefur valið þema vetrarins og önnur verkefni, hafa fulltrúar nefndarinnar og umsjónakennari í hverjum bekk metið stöðuna með hliðsjón af gátlistanum frá Landvernd og umhverfisnefndin síðan stutt sig við þær niðurstöður í framhaldinu. Allir hafa möguleika á að hafa áhrif á umhverfisstarfið í Heiðarskóla. Á vorin förum við yfir starfið og metum útkomuna. Hvað þurfum við að hafa í huga fyrir næsta skólaár.

Heiðarskóli er líka lítil eining þannig að við hittumst oft í daglegu starfi og spjöllum saman, þannig fara oft endurbætur eða nýjar hugmyndir af stað.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Í upphafi skólaárs setjum við okkur markmið fyrir veturinn í umhverfisnefndinni og umhverfisteyminu. Við förum yfir okkar hefðbundnu verkefni og ræðum hugsanlegar breytingar. Umhverfisteymið hittist einu sinni í mánuði og þar eru kennarar frá öllum þremur stigum, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Þetta er mjög góð lausn til að virkja betur umsjónakennarana í starfinu. Umsjónakennarar eru hvattir til að nota markmiðasetningablaðið við öll verkefni sem tengjast umhverfiskennslu í skólastarfinu.

Markmið:

Þema 2019-2020: Loftslagsbreytingar og neysla. **Þema** 2020-2021: Lífbreytileiki.

Flokka úrgang – Við flokkum pappír, plast, málma, flöskur, dósir og lífrænt. Sér tunna fyrir efni sem ekki er endurvinnanlegt og hættulegt eins og: perur, jólaseríur, málingadollur og fl.

Minnka notkun plasts

Matarsóunarverkefni – vekja athygli á og minnka matarsóun með því að vigta afgangana eftir hádegismatinn, tvisvar á árinu.

Tína rusl úti – Sérstaklega á umhverfisdeginum.

Minnka rusl/úrgang – t.d. fara sparlega með pappír, endurnota allskonar efni í list og verkgreinum.

Minnka neyslu – kaupa minna og nýta betur t.d. „sjálfbæra hillan“ sem er okkar skiptimarkaður.

Taka þátt í hjálparstarfi eins og t.d. Unicef verkefninu og Jól í skókassa.

Gróðursetning. Planta trjám og kartöflum í maí.

Fræðsla – t.d. fá utanaðkomandi gesti til okkar til að fræða okkur um umhverfismálin t.d. á umhverfisdeginum og í þemavíkunni.

Stunda útinám/útivist: Dagur íslenskrar náttúru, kartöflurækt, Survivor-dagur, gönguferðir, vorferðir, útinám einu sinni í viku haust og vor.

4. Eftirlit og endurmat

Umhverfismennt er mikilvægur þáttur í skólastarfinu okkar, það er skýrt tekið fram í skólastefnu Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Í árlegu gæðamati skólans metur starfsfólkið meðal annars hvernig framkvæmd umhverfisþemans hefur tekist.

Í matarsóunarverkefninu metum við árangur með vigtun og á umhverfisnefndar og umhverfisteymisfundum ræðum við hvernig verkefnin okkar hafa tekist. Markmiðið með þessum fundum er að vekja áhuga og fræða til að ná betri árangri. Gátlistinn og markmiðssetningarblaðið er líka góður stuðningur við að meta árangur.

Í lok skólaársins förum við yfir verkefni vetrarins, tökum stöðuna og skráum hjá okkur ef það er eitthvað sérstakt fyrir næsta skólaár og nýja nefnd.

5. Námsefnisgerð og tenging við námsskrá skólans

Í skólanámskránni höfum við sett okkur skýr markmið, þar kemur fram hvað hvert stig á að leggja áherslu á í umhverfismennt. Til viðbótar leggur umhverfisnefndin ýmis verkefni fyrir allan skólann.

Umhverfismennt í skólanámskrá:

Markmið:

- Nemendur læri gildi þess að ganga vel um náttúruna og umhverfið sitt.
- Draga úr sóun verðmæta og nýta vel þær auðlindir sem okkur er treyst fyrir.
- Endurnýta og endurvinnna það sem hægt er.
- Auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks.
- Hafa markvissa útikennslu.

Leiðir:

Yngsta stig

- Taki þátt í flokkun og endurvinnslu á sorpi skólans.
- Læri um nýtingarmöguleika vatns.
- Séu virkir þátttakendur í orku/rafmagnssparnaði.
- Séu þátttakendur í ræktun í gróðurreitum skólans.
- Fáí umræður um hvernig skilgreina má vistvænar vörur.
- Öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi.
- Geri sér grein fyrir veðurfari og árstíðarbreytingum í heimabyggð
- Þekki skilgreiningu orðsins náttúruhamfarir og hverjar hættur eru í heimabyggð
- Þekki umhverfisvænar vörur og hvernig þær eru merktar.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

Miðstig

- Skilji tilgang flokkunar og endurvinnslu.
- Læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og mengun vatns.
- Fáí fræðslu um hreint vatn og mengun vatns.
- Fáí þekkingu á hugtakinu auðlind, takmörkun hennar og hvaða auðlindir eru endurnýtanlegar í náttúrunni.
- Fáí fræðslu um hvaðan neysluvörur okkar koma.
- Þekki eldstöðvar í heimabyggð og nágrenni.
- Þekki sérstöðu íslenskrar náttúru.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

Unglingastig

- Skilji hugtökin sjálfbær þróun, vistvæn orka og vistkerfi.
- Beri virðingu fyrir náttúrunni og lifandi verum.
- Noti hugtökin neysla og vistvænt.
- Taki þátt í ræktun matvæla.
- Geri sér grein fyrir og skilji hugtakið örugg matvæli.
- Þekki sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Þekki ástæður loftlagsbreytinga og afleiðingar þeirra á samfélagið.
- Þekki áhrif mengunar á landi og sjó.
- Þekki náttúruhamfarir vegna áhrifa mannsins.
- Fáí utanaðkomandi fræðslu um umhverfismál.

Græn Fána verkefnin skólaárið 2019-2020

Endurvinnsla og neysla

Við flokkum pappír, plast, málma og lífrænt fyrir endurvinnslu. Rafhlöður, ljósaperur, raftæki, spilliefnum og fleiru er líka fargað eftir reglugerð.

Sjálfbæra hillan er á sínum stað, þar geta allir skilað inn fötum, dóti og fleiru og á sama tíma fundið sér eitthvað „nýtt“. Við hvetjum nemendur og starfsfólk til að kaupa minna og kaupa frekar notað.

Við notum ýmis ílát og „rusl“ í listsköpun. Að hluta til fara matarleifar frá mötuneytinu heim með starfsfólki og nýtist sem hæsnafóður.

Umhverfisnefnd



Umhverfisnefnd Heiðarskóla skólaárið 2019-2020.

Ronja, Rakel Sunna, Tinna, Ísabella, Sigga Lára, Viktoría, Sigga K, Þórdís, Helena, Bjarndís, Guðrún, Margrét, Brynja.

Á fyrsta fundinum var ákveðið að Loftslagsbreytingar og neysla yrði þemað fyrir veturinn. Flest okkar verkefni fyrir veturinn passa vel inn í þetta val eins og matarsóunarverkefni, rafmagnsmælingar, gróðursetning (lýðræði og mannréttindi)

Haustferðir

Allir nemendur fóru í haustferð með félögum sínum til að þjappa hópnum saman og kynnst betur íslenskri náttúru.

Unglingadeild gekk Síldarmannagötur og gisti í Skorradal.

Miðstigið fór í gönguferð meðfram Leiránni.

Yngsta stigið fór í Vatnaskóg.

(heilbrigði og velferð, læsi)

Dagur Íslenskrar Náttúru 16. September í Álfholtsskógi

Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi þennan dag. Hvert stig vann verkefni meðal annars frá landvernd og fleira. Það var nóg að gera en líka tími til að leika og njóta. Við borðuðum úti eins og hefð er fyrir og í hádeginu grilluðum við hamborgara sem bragðaðist sérstaklega vel eftir smá útivist.

Við tókum líka þátt í landssöfnun birkifræja sem Landgræðsla Ríkisins, Olís og Hekluskógar standa fyrir. Við vorum aðeins of snemma á ferðinni.

(sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)



Ólympíuhlaup ÍSÍ 30. september 2019

Hreyfing og heilsa er mikilvæg fyrir okkur og hluti af sjálfbæru samfélagi. Yngstu hlupu 2,5 km, eldri hlupu 5 eða 10 km. (heilbrigði og velferð)



Þemavikan Loftslagsbreytingar og neysla 7.-11. Október

Allir nemendur unnu verkefni tengd loftslagsbreytingum og neyslu með sínum umsjónakennara. Á föstudeginum voru sýningar og kynningar fyrir aðstandendur og mætingin var mjög góð.

Gátlistinn frá Landvernd var notaður til að leggja línurnar fyrir þemavinnuna.

Yngsta stigið tók fyrir hringrásina og hvernig við tengjumst öll náttúrunni. Svo var unnið með hvernig við getum haft áhrif á loftslagsbreytingar og hvernig myndi fara ef við gerðum ekki neitt.

Miðstigið vann verkefni út frá hugarkorti og lögð var áhersla á hvað við þurfum að gera og hvernig framtíðin gæti litið út. Afraksturinn var settur upp sem veggspjöld, myndbönd og munnlegar kynningar.



Elsta stigið safnaði allskonar upplýsingum, fræðslu, myndböndum og kenningum og setti upp nýja vefsíðu sem tengd var við heimasíðu skólans.

Allir nemendur skólans tóku líka þátt í að gróðursetja tré á skólalóðinni. Við erum að stefna á að rækta okkar eigin skóg rétt handan við hornið! (sjálfbærni, sköpun, læsi))

Loftslagsvefur Heiðarskóla

Loftslagsvefur Heiðarskóla var þróaður og settur upp í þemavíkunni. Þar geta allir sett inn verkefni og upplýsingar um loftslagsmál.

<https://heidarskoli.wixsite.com/loftslag?fbclid=IwAR0byZOOJUp2yec1ZbPXBEHln0kRRvcuC98i2K7QSNOrmFgOMZrVnsbOTb4>

(sjálfbærni, sköpun, læsi)

Kartöfluupptaka í október

Lítill en bragðgóð uppskera. Mikill þurrkur og kindur sem fannst blöðin góðgæti hafði áhrif á verkefnið.

(sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð)

Október - nóvember 2019

Heiðarskóli tók þátt í hjálparstarfinu „Jól í skókassa“. 13 skókassar fóru frá miðstiginu. Gjafirnar fóru til munaðarlausra, barnaspítala og til barna einstæðra foreldra í Úkraínu.

(heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi)



Nóvember 2019


Í byrjun nóvember tókum við á móti gestum frá samstarfsskólanum okkar, Banded Peak í Kanada. Við vorum svolítinn tíma að velta fyrir okkur hvaða gjafir við ættum að gefa þeim. Eftir nokkrar vangaveltur fæddist hugmyndin um að búa til eitthvað alíslenskt. Ekki kaupa eitthvað með stórt „vistspor og lítið notagildi“ Og þar sem við eigum margar flottar þrjónakonur í skólanum endaði það með þæfðum og heimaprjónuðum ullarvettlingum í sauðalitunum. Gjöf með mikilli ást og gildi!



(sjálfbærni, sköpun)

Matarsóunarverkefni des. 2019

Við tókum okkar árlegu matarsóunarviku í desember. Allir bekkir tóku þátt í að reyna að sóa sem minnstum mat í morgunmatnum og hádegismatnum samanlagt. Nemendur í 6. og 7. bekk hentu engum mat í viku en samanlagt varð þetta 4129 grömm sem fór í moltugerð. Útkoman var samt mikið skárri en í fyrra, en þá fóru 9700 grömm til spillis.
(heilbrigði og velferð, sjálfbærni)



Rafmagnsmæling í febrúar

Vegna óviðráðanlegra erfiðleika síðustu ár með rafmagnsmælingar/sparnað í Heiðarskóla ákváðum við að gera öðruvísi rafmagnsmælingu í þetta skiptið. Nemendur í umhverfisnefndinni áttu að taka stöðuna á rafmagnsmælinum heima með tveggja vikna millibili og bera saman venjuleg notkun við sparnaðarnotkun. Þessi hugmynd gekk ekki sérstaklega vel því að þó að nemendur sæju sparnað á mælinum heima skiluðu tölurnar sér ekki inn í skóla. En ég, formaður umhverfisnefndarinnar í Heiðarskóla, gerði mjög vel heppnaða mælingu heima sem var kynnt og rædd. Ég skipti út mjög gömlum frysti fyrir nýjan einmitt þegar rafmagnssparnaðartímabilið byrjaði og sparnaðurinn varð rúmar 60.000 kr á árinu.
(læsi, sjálfbærni)



Dagur umhverfisins

Vegna Covið 19 var ekki hægt að halda upp á umhverfisdaginn 24. Apríl eins og skipulagt var, en nemendur skólans tóku þó þátt í að tína rusl og að taka til á skólalóðinni og í nærumhverfinu.
(læsi, sjálfbærni)

Gróðursetning 8. Maí

Við settum niður kartöflur og tré þennan fallega maídag. Yngsta- og miðstigið tóku þátt. Eyjólfur aðstoðaði okkur með aðföng og ráðgjöf.
(heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni)



Skólalóðin og þörf á umbætum, maí 2020

Umhverfisnefndin fór yfir skólalóðina og ræddi um gróður og mannvirki sem þyrfti að hugsa betur um og af hverju. Við fundum t.d. brotin tré og runna, ónýt net í fótboltamörkunum, ónýtan göngustíg og brú sem þarf að mála. Við ákváðum að betra væri að gera við en að bíða of lengi þangað til hlutirnir eru ónýtir og þörf á að kaupa nýtt.

Við sendum erindi til sveitarstjórnar og fengum góð viðbrögð og allir þessir hlutir voru lagaðir í sumarfríinu.

(læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi)

Unicef hreyfingin

Nemendur í Heiðarskóla tóku þátt í Unicefhlaupinu og lengst hlaupu tveir nemendur úr 3. og 6. bekk, 14 km! Í ár fjallaði Unicef verkefnið um að fræða börn um réttindi í Barnasáttmálanum, virkja þau til samstöðu með jafnöldrum sínum um allan heim og að hvetja þau til hreyfingar. Söfnunarféð nýtist til verkefna hjá Unicef um allan heim og réttindafræðslu og réttindagæslu fyrir börn á Íslandi.

(heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, læsi)

Survivordagur 20. Maí 2020

Í þetta sinn fór Survivordagurinn fram á þremur stöðum í Álfholtsskógi með stigin aðskilin vegna Covid 19.

Allir hópar æfðu sig í acrosport og tókst það mjög vel. Svo voru allskonar verkefni í gangi eins og að byggja sér kofa, kveikja eld, tálga, ratleikir og njóta útivistarinnar. Sól og yndislegt veður gerði okkur svo gott ásamt grillpinnamatnum og maískólfunum í hádeginu.

(heilbrigði og velferð, sköpun, læsi)





Íþróttadagur 29. Maí

Við höldum íþróttadaginn utandyra að mestu leyti í alveg ágætis veðri og með góðri þátttöku. Dagurinn endaði með flottri töltkeppni með sex þátttakendum á flottum hestum.

(heilbrigði og velferð)

Græn Fána verkefnin skólaárið 2020-2021

Ný umhverfisnefnd var valin og fyrsti fundurinn haldinn 4. September.

Í nefndinni eru: Hafþór, Ísar, Stefanía, Heimir, Matthildur, Þórunn, Eiríkur, Haraldur, Valey Rún, Aron, Helena, Þórdís, Sigga Lára og Sigga K.

Umhverfispema vetrarins „ Lífbreytileiki“ varð fyrir valinu.

(læsi, lýðræði og mannréttindi)



Haustferðir

Mikilvægt er að efla vináttu og kynnast nýjum bekkjarfélögum strax á nýja skólaárinu og hvað er betra en að fara út í náttúruna og hreyfa sig?

Yngsta stigið: Ferð á Akranes, skoða bókasafnið, byggðarsafnið og skógræktina.

Miðstigið: Ferð í Skorradal, tína ber, labba og leika.

Eldsta stigið: Gönguferð yfir Skarðsheiðina og gisting í skátaskálanum í Skorradal.

(heilbrigði og velferð, læsi)

Dagur íslenskrar náttúru

Vegna veðurs var ferðinni í Brynjudal 16. september frestað en við fórum 9. Október. Hvert stigi fyrir sig vann ýmis verkefni tengd lífbreytileika og sumir völdu verkefni frá Landvernd, þennan yndislega haustdag. En nemendur höfðu líka góðan tíma til að leika og uppgötva í náttúrunni. Krakkarnir fengu leyfi til að fara upp á fjall og vaða í ánni. Svo voru grillaðar pylsur. (sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)



Þemavikan – Lífbreytileiki 5.-9. Okt.

Nemendur unnu verkefni tengd lífbreytileika. Vegna Covið -19 voru engar kynningar fyrir foreldra, bara stuttar kynningar fyrir bekkjarfélagana. Margir rannsökuðu dýr í útrýmingarhættu. Það voru smíðuð fuglaborð sem voru sett upp á skólalóðinni og allskonar listaverk, teikningar og bækur.

Unglingar unnu verkefni sem fóru inn á vefinn okkar um Loftslagsbreytingar.

(sjálfbærni, sköpun, læsi)



Umhverfisfréttir í unglingadeild

Á haustönninni á fimmtudagsmorgnum lásu við umhverfisfréttir saman í unglingadeildinni. Við notuðum yfirlétt ruv.is. Allir nemendur áttu að velja einn frétt sem þeim fannst mikilvæg og það var úr nógu að velja, minni umhverfisslys í heimabyggð og risamál úti í heimi. Þetta voru áhugaverðir og góðir tímar, nemendur sýndu mikinn áhuga þó að umræðan væri lítil.

(læsi)

Kartöfluupptaka í október

Yngsta og miðstigið sáu um uppskeru ársins. Það var allavega nóg fyrir alla til að fara með smá smakk heim.

(sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð)

Ólympíuhlaup ÍSÍ

Nemendur og starfsmenn Heiðarskóla tóku þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Misjafnlega langt eftir aldri en frá 3.-10. bekk var val um að hlaupa 2,5 km eða 5 km.

(heilbrigði og velferð)

Hjálparstarf

Haustið 2020 var ákveðið að senda jólapakka til skólabarna í Perú. Fimm skókassa með skóladóti, leikföngum, snyrtivörum og fleiru fór í fjallaborp í Perú. Vegna Covid -19 voru postsendingar til Perú stöðvaðar þannig að pakkann náði ekki fram fyrir jól, 16 apríl var pakkinn kominn á réttan stað! (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi)



en

Matarvigtun

Víkuna 7.-11. desember tókum við fyrir matarvigtun. Aðeins öðruvísi í þetta sinn vegna Covid-19. Nemendur borðuðu í sinni heimastofu og hvert stig fyrir sig sá um mælinguna eftir hádegismatinn. Umsjónakennarar eru hvattir til að ræða matarsóun og hvaða áhrif hún hefur með sínum nemendum.

Yngsta stigið henti 196,1 grömmum sem er 6,1 gr. á nemanda en miðstigið henti 2510,7 grömm sem er 93 gr. á nemanda. Yngsta stigið fékk sem verðlaun að velja hádegismat. (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

Ljós- og rafmagnslaus morgun

Það var tekin ákvörðun um að sleppa hefðbundinn rafmagnssparnaðarmælingu í Heiðarskóla í ár. Það er alltof flókið og skilar litlu vegna tæknilegra erfiðleika með sjálfvirk ljós. En við slökktum ljósin eins og við gátum og hvert stigi fyrir sig vann verkefni tengd rafmagnsnotkun, hvaðan rafmagnið kemur og neyslu.

Á yngsta stigi var ljóslaus morgunn og unnin verkefni á stöðvum með rafmagn og segulkraft. Á miðstigi var ljóslaus morgunn, notuð höfuðljós og spilað. Á unglingastigi var ljóslaus morgunn. (sjálfbærni, læsi)

Matarsóunarmælingar

15.-19. Mars var aftur matarvigtunarvika hjá okkur. Hver bekkur vigtaði matarleifar eftir sinn hádegismat og kennarar voru hvattir til að ræða matarsóun og hvaða áhrif hún hefur á loftslagsbreytingarnar. Yngsta stigið tengdi umræðurnar við heimsmarkmiðin.

Þriðji bekkur henti 0 grömmum og fær að velja hádegismatinn einn dag í vor. (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

Umhverfisdagurinn

Strandhreinsun á Innnesinu með Tómas Knútsson í Blái hernum og í samstarfi með Hvalfjarðarsveit. Hátt í tvö tonn rusl á tæpum þremur klukkutímum! Frábær árangur og skemmtilegur dagur.

(sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

Nokkur verkefni á enn þá eftir að vinna í maí.

Survivor

Unicef hjálparstarf

Gróðursetnig

Íþróttadagur



Lokaorð:

Smáar en mikilvægar breytingar hafa átt sér stað þetta Grænfánatímabil, eins og t.d. að nota dagblöð í ruslatunnurnar í staðin fyrir plast, við reynum alls staðar að takmarka einnota plast. Mötuneytið hætti að kaupa ísblóm í plastformi, við notum bara glerskálar og að við erum búin að fjárfesta í hleðslubatteríum.

Margir kennarar keyra daglega til vinnu frá Akranesi og flestir eru í samkeyrslu, gleðjandi er líka að sífellt fleiri eru komnir á rafmagnsbíla 😊

Í ræstingum og þrifum eru að sjálfsögðu notaðar umhverfisvænar vörur.

6. Kynning á stefnunni

Vegna Covid-19 höfum við verið mjög lítið í samstarf við aðra og lítið um kynningar fyrir foreldra þetta tímabili, 2020-2021.

En Loftslagsvefurinn á heimasíðu skólans er ein leið og Hvalfjarðarsveit aðstoðaði okkur á umhverfisdeginum ásamt Tómasi úr Bláa hernum.

Haustið 2019 var þemaverkefnið samt kynnt fyrir foreldrum með mjög góðri mætingu.

Við vonum líka að verkefni eins og kartöfluupptakan, hjálparstarfsverkefnin og sjálfbæra hillan virki sem tenging við heimilin.

7. Umhverfissáttmáli

Við endurskoðuðum sáttmálann í fyrir tveimur árum og það voru engar breytingar gerðar fyrir þetta skólaár. Okkar sáttmáli er: *Gerðu það sem er rétt fyrir umhverfið, ekki það sem er auðveldast*



Sáttmáli og markmið



**Gerðu það sem er rétt fyrir umhverfið
- ekki það sem er auðveldast**

Skólinn leggur áherslu á:

1. *Að nemendur læri gildi þess að ganga vel um náttúruna og umhverfið sitt.*
2. *Að draga úr sóun verðmæta og nýta vel þær auðlindir sem okkur er treyst fyrir.*
3. *Að endurnýta og endurvinna það sem hægt er.*
4. *Að auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks.*

Markmið og leiðir:

1. Við ætlum að hafa markvisst útinám:

Á t.d. skólalóðinni og á útinámssvæðinu okkar.

Fara í gönguferðir, vettvangsferðir og kynnast sveitinni okkar og örnefnum.

Rækta t.d. kartöflur og planta trjáum.

2. Við ætlum að spara orku:

Vera með miða á veggjum sem minna fólk á að slökkva ljósin og á rafmagnstækjum.

Hafa rafagnsmælingu í janúar á hverju ári.

Stefna að því að hafa rafmagnslausan dag á hverju skólaári.

3. Draga úr neyslu

Kaupa minna og endurnýta meira.

Endurvinna pappír, plast, málmhluti og matarleifar.

Endurvinna gler og ýmis afgangsefni í t.d. listsköpun

4. Halda áfram að fræða nemendur og starfsmenn um umhverfismál:

Fá utanaðkomandi fyrirlesara um umhverfismál.

Fylgjast vel með nýjungum í umhverfismálum t.d. bílar, rafmagn, matvörur og fair trade.

Umhverfisnefndarfundur

6. september 2019 kl. 8:20

Mættir: Bjarndís, Guðrún Birna, Brynja, Margrét Lára, Tinna, Mattías, Viktoría, Rakel Sunna, Fanney, Ísabella Sól, Sigríður Kristjáns, Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Farið yfir hlutverk umhverfisnefndar og hvaða málefni eru mest í umræðunni núna varðandi umhverfismálin. Rætt um plastnotkun og sérstaklega einnota plast og áhrif þess á umhverfið. Einnig rætt um umhverfismengun í tengslum við bíla og matarsóun. Rætt um að umhverfisnefndin hefur hvatt til þátttöku í verkefninu „Jól í skókassa“. Komið inn á aðgerðir eða verkefni sem geta hjálpað til við að bæta fyrir eða komið í veg fyrir ýmis umhverfisvandamál.
2. Farið yfir þemu sem Grænánaskólar eiga að vinna að eða eftir. Farið yfir þemun og skoðað hvaða verkefni eru brýnst að vinna að núna. Ákveðið að taka fyrir loftslagsbreytingar og samgöngur og neysla og úrgangur.
3. Dagur íslenskrar náttúru. Verður farið í Fannahlíð og markmiðið er að eiga góðan dag úti og njóta náttúrunnar.
4. Yngsta stig og miðstig fer í að taka upp kartöflur fljótlega.
5. Umhverfisnefndin beðin um að fylgjast með að rétt sé flokkað í tunnum í stofum og unglingarnir sérstaklega í alrýmum skólans og hjálpa til við að tæma.
6. Næsti fundur í október.

Fundi slitið 9:10

Þórdís Þórisdóttir

Umhverfisnefndarfundur

15. maí 2020 kl 13:00

Mættir: Brynja María, Margrét Lára, Tinna, Íris Björg, Rakel Sunna, Ronja, Viktoría, Sigríður Vilhjálm, Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Vegna aðstæðna höfum við ekki náð að halda mánaðarlega fundi á vorönn, en ýmis verkefni sem tilheyra vorinu eru að nást. Einhver verkefni nást ekki á þessu skólaári.
- Umhverfisteymi Heiðarskóla fundaði vegna Survivor og tók ákvörðun um skipulag dagsins þar sem ekki náðist að halda fund umhverfisnefndar til skipulagningar. Hvert stig verður út af fyrir sig í skóginum og vinnur verkefni, allir hittast í hádeginu og endað verður á ratleik.
- Vel hefur gengið að flokka rusl í skólanum núna og allir hafa tekið sig á.
- Verkefni dagsins er að fara út á skólalóð og fara yfir hvað þarf að laga og betrubæta, skoða hvað er bilað, ónýtt eða brotið og hægt er að gera við. Einnig að skoða hvernig hægt er að fegra lóðina okkar.
- Það sem þarf að lagfæra:
 - Fótboltavöllurinn – þarf að laga króka á mörkum,
 - tröppur við fótboltavöll brotnar,
 - runnið úr vegi við stíg og malbik að brotna.
 - Fjarlægja grunninn af gamla Krakkakoti.
 - Endurnýja leikföng.
 - Grind í ræsi til að stoppa dót sem fer í lækinn.

- Laga sæti á bekk. Yfirfara bekkina.
- Bæta sandi í sandkassann.
- Laga brýrnar, pússa og mála – bognar spýtur.
- Fjarlægja dauð tré – snyrta brotnar greinar
- Dekkin laus í sundur
- Laga körfuboltanet
- Laga mörkin við Heiðarborg
- Fjarlægja ljósastaur sem stendur við hólinn
- Hreinsa beð – snyrta og endurnýja gróður.

Fundi slitið 13:40

Þórdís Þórisdóttir

Fundur umhverfisnefndar 23. október 2020 kl. 12:50

Mættir: Aron Sölvi, Stefanía, Hafþór, Ísar, Beníta, Þórunn, Matthildur, Haraldur, Eiríkur, Valey Rún, Helena og Sigga Lára.

Helena fór yfir eftirfarandi:

- Brynjudalur – allir mjög ánægðir með daginn. Skemmtileg og fjölbreytt verkefni
- Þemavika í október – lífbreytileiki. Umræður um þemavikuna og hvað við vorum að læra, m.a. um lífríkið og fjölbreytni þess og dýr í útrýmingarhættu. Ætlum að setja upp sýningu í matsalnum og unglingar eru mest megnis að setja sín verkefni inn á loftslagsvefinn.
- Helena hvatti nefndarmenn til að koma með hugmyndir til nefndarinnar um verkefni í umhverfismennt.
- Flokkun – umræður, gengur nokkuð vel. Unglingar sjá um að tæma í vinnuherbergi og á bókasafni.
- Plastumræður, mikið af vörum að koma á markað sem líta út eins og plast en eru úr öðrum umhverfisvænni efnum.
- Hjálparstarf, margir sem hafa það ekki eins gott og við á Íslandi – viljum við hjálpa? Umræður um hugmyndir t.d. jól í skókassa og ákveðið að senda til Perú þetta árið.
- Myndataka

Fundi slitið kl. 13:30

4. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

1. mars 2021 kl 12:50

Mættir: Aron Sölvi, Valey Rún, Eiríkur, Haraldur Magnús, Matthildur, Beníta, Ísar, Hafþór, Stefanía, Sigga Vill, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Farið yfir hvað gert var á stigunum v. rafmagnslaus dagsins. Á yngsta stigi var ljóslaus morgunn og unnin verkefni á stöðvum með rafmagn og segulkraft. Á miðstigi var ljóslaus morgunn, notuð höfuðljós og spilað. Á unglingastigi var ljóslaus morgunn.
- Umræða um hvaðan rafmagnni kemur á Íslandi. Rafmagnsframleiðsla á Íslandi er svokölluð græn orka t.d. úr gufu og vatnsfallsvirkjunum. Við höfum möguleika á að búa til rafmagn með fleiri aðferðum s.s. með sólar- og vindorku.
- Matarvigtun. Talað var um að hafa matarvigtun aftur í mars þar sem þeir náðu ekki að taka þátt í haust. Umræða um hvernig við ættum að standa að vigtuninni t.d. stig, bekkur eða skólinn í heild. Niðurstaða að vigtað verður fyrir hvern bekk og síðan skólinn í heild á eftir. Vikuna 15. – 19. mars verður matarvigtun.
- Pappírsendurvinnsla. Það þarf að gera átak í endurvinnslumálum í skólanum, passa uppá hvað fer í endurvinnslu og hvað fer í almennt sorp. Einnig þarf að koma losunarmálum í betri farveg, það gleymist að tæma tunnurnar og pappír fer að flæða út úr þeim. Einnig þarf að passa vel uppá að ekki fari almennt sorp í flokkunartunnur. Þarf að gera átak í að merkja tunnur betur og kynna fyrir nemendum hvað má fara í hvaða tunnur.
- Rætt um umgengnismál á klósettum þar sem pappír liggur ónotaður á gólfi, muna að taka bara 1-2 pappíra í hvert sinn.
- Umhverfisdagurinn er í apríl og rætt um hvað við gerum þann dag. Oft höfum við verið í skólanum, tekið til á skólalóðinni og haft ráðstefnur, fengið fyrirlesara. Einu sinni fór skólinn í fjöruhreinsun í Grunnafjörð í samstarfi við Hvalfjarðarsveit. Samþykkt að fara aftur í fjöruhreinsun á umhverfisdaginn.

Fundi slitið 13:25



LANDVERND

Markmiðssetning

Dagsetning: ___ 23. okt. 2019 _____

Þema/þemu: ___Neysla og loftslagsbreytingar_

_miðstigið _____

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	a. Nemendur búa til hugarkort. b. Nemendur skila af sér plakati, glærusýningu eða stuttmynd.	Nemendur og kennarar.	Karton, skriffæri. Karton, skriffæri, ipad.	120 mín. 320 mín.	Hugarkort skoðuð og kynning metin. Einstaklingsframlag og hópframlag metið.
2. Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	a. Umræður í bekk. b. Umræður í hópum.	Nemendur og kennarar.		120 mín.	Virgni nemenda skoðuð og framlag í umræður.
3. Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.	a. Umræður í bekk.	Nemendur og kennarar.		Hluti af markmiði 2.	Framlag nemenda til umræðna metið.
4. Gert grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.	a. Búa til lítil veggspjöld með umhverfisheillræðum. b. Halda kynningu fyrir samnemendur, foreldra og aðra gesti.	Nemendur og kennarar.	Karton, tússpennar. Ipad.	120 mín.	Veggspjöld skoðuð og kynning metin.
5. Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.	a. Umræður á meðan farið er yfir gátlista í upphafi verkefnis.	Nemendur og kennarar.	Tölva og skjávarpi.	80 mín.	Framlag nemenda til umræðna metið.
6. Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi. Sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.	a. Sýna stutt myndbönd um áhrif neyslu á loftslagsbreytingar og lífsgæði.	Kennarar.	Tölva og skjávarpi.	20 mín.	Ekki metið.



Markmiðssetning

Dagsetning: 05.-09. Nóvember 2020

Þema/þemu: Lífbreytileiki – þemavika unglingadeild

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Skoða villtar plöntu- og dýrategundir á Íslandi sem hafa flust hingað af mannavöldum og hvaða áhrif þær hafa haft á íslenska náttúru.	1. Hvað hefur gerst? (Hvað er að gerast? Hvað hefur breyst?) 2. Af hverju? (Af hverju er dýr í útrýmingarhættu? Af hverju hafa orðið breytingar á landssvæðum?) 3. Hefur eitthvað verið gert til að bæta úr? Hvað er verið að gera til að bæta ástandið? 4. Hvað er hægt að gera meira? Hvað getið þið sjálf gert til að hjálpa?	Nemendur og kennarar	Netið og ýmsar bækur	5 dagar	Skil á verkefni, birt á Loftslagsvef Heiðarskóla
2. Kynna sér íslenska náttúru eins og hún leit út við landnám, hvað hefur breyst og af hverju?	1. Hvað hefur gerst? (Hvað er að gerast? Hvað hefur breyst?) 2. Af hverju? (Af hverju er dýr í útrýmingarhættu? Af hverju hafa orðið breytingar á landssvæðum?) 3. Hefur eitthvað verið gert til að bæta úr? Hvað er verið að gera til að bæta ástandið? 4. Hvað er hægt að gera meira? Hvað getið þið sjálf gert til að hjálpa?	Nemendur og kennarar	Netið og ýmsar bækur	5 dagar	Skil á verkefni, birt á Loftslagsvef Heiðarskóla

3. Kynna sér tegundir í útrýmingarhættu, bæði á Íslandi og á heimsvísu. Kanna hvaða áhrif eyðilegging búsvæða af manna völdum hefur á lífverur.	1. Hvað hefur gerst? (Hvað er að gerast? Hvað hefur breyst?) 2. Af hverju? (Af hverju er dýr í útrýmingarhættu? Af hverju hafa orðið breytingar á landssvæðum?) 3. Hefur eitthvað verið gert til að bæta úr? Hvað er verið að gera til að bæta ástandið? 4. Hvað er hægt að gera meira? Hvað getið þið sjálf gert til að hjálpa?	Nemendur og kennarar	Netið og ýmsar bækur	5 dagar	Skil á verkefni, birt á Loftslagsvef Heiðarskóla
4. Kynna sér svæði í heiminum sem eru í hættu vegna athafna mannsins, s.s. regnskóga, kóralrif og heimskautasvæði. Hvaða áhrif hafa athafnir manna á svæðið og hver er ástæða þess að því er stofnað í hættu? Finna leiðir til úrbóta.	1. Hvað hefur gerst? (Hvað er að gerast? Hvað hefur breyst?) 2. Af hverju? (Af hverju er dýr í útrýmingarhættu? Af hverju hafa orðið breytingar á landssvæðum?) 3. Hefur eitthvað verið gert til að bæta úr? Hvað er verið að gera til að bæta ástandið? 4. Hvað er hægt að gera meira? Hvað getið þið sjálf gert til að hjálpa?	Nemendur og kennarar	Netið og ýmsar bækur	5 dagar	Skil á verkefni, birt á Loftslagsvef Heiðarskóla



Markmiðssetning

Dagsetning: _7. maí_____

Þema/þemu: __Lífbreytileiki, náttúruvernd,

landslag_____1.-4. B. _____

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Að kynnast lífbreytileika náttúrunnar í nánasta umhverfi. Unnið með 1-4 bekk	a. Innlögn í haust með fræðslu um geitunga og köngulær. b. Af og til fjallað um hvar í lífsferlinu þessi skordýr eru s.s. hvað gerist í kulda og vondum veðrum. c. Farið út á skólalóð þegar vorar og skoðað hvaða skordýr eru komin á stjá, hvar er best að leita að þeim. d. skordýr veidd í glas og skoðuð með stækkunargleri.	Umsjónarkennari	Bækur um skordýr, efni af vef, reynslusögur og raunverkefni.	Skólaárið 2019-2020	Mat á þátttöku í verkefni.
2. Lífbreytileiki, náttúruvernd, landslag. Bókin Komdu og skoðaðu hafið lesin. Markmið að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hafsins fyrir jörðina. Að hafið og landið er hvort öðru háð og mikilvægt að vernda lífríki hafsins til að raska ekki jafnvægi í náttúrunni. Unnið með 1-3 bekk og hluta með 4 bekk.	a. Bókin komdu og skoðaðu hafið lesin b. Umræður um efni bókarinnar c. Nemendur fóru sjálfir í fjöruferðir og komu með það sem þeir fundu í skólann d. Vettvangsferð í lok skólaárs í fjöru á Akranesi	Umsjónakennarar	Bókin komdu og skoðaðu hafið, vefsíður og myndbönd um hafið. Skeljar, steinar, fiskar og krabbar sem finnast í fjöru. Einn nemandi kom með lifandi krabba og fiska í skólann til að sýna	Apríl – maí 2020	Þátttaka í umræðum.



Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat fyrir lífbreytileika í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: _____ 2. okt _____

Undirskriftir þátttakenda:

LÍFBREYTILEIKI

 Lærið þið um dýr og plöntur á leikskólanum?			
 Gerið þið eitthvað til að laða meira dýralíf að leikskólalóðinni (fuglahús, pödduhótel, fuglum gefið, dýr á lóðinni?)			 Gefum fuglum
 Vitið þið hvaða dýrategundir er að finna í bænum ykkar?			
 Farið þið í fjöruferð og skoðið allskonar sjávarplöntur og dýr?			
 Dettur ykkur í hug einhver dýr sem eiga heima á Íslandi? En dýr sem eiga heima í útlöndum?			 Fullt af dýrum
 Getið þið fundið fjölbreyttan gróður á leikskólalóðinni? En í bænum ykkar? (t.d. blóm, tré, runna, gras)			
 Er gróður í nærumhverfi sem þarf að hlúa að og passa?			Vissu ekki
 Getið þið gert eitthvað til að passa dýrin sem búa á leikskólalóðinni eða nálægt henni?			 Hjálpað þeim að finna eitthvað að borða
 Eruð þið með eitthvað svæði í fóstri og passið sérstaklega vel uppá? (Flag í fóstur, tré í fóstur, kjarr í fóstur?)			
 Eruð þið búnin að teikna allar plöntur, pöddur, fuglar og dýr sem búa í umhverfi okkar?			

Hvað er hægt að gera til að auka lífbreytileika?

Gefa dýrum, setja niður tré, vera góð við umhverfið.





Umhverfismat



Gátlisti fyrir grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á mið- og unglingastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til að leiðbeina um hvernig best er að framkvæma matið.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum eða öðrum starfsmönnum til að svara spurningunni



Nemndur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að fá svar við spurningunni



Hér þarf mælingar yfir einhvern tíma til að svara spurningunni


Dagsetning: 25/9 2019_____

Undirskriftir þátttakenda:

Neysla og úrgangur

Ágætt er að miða við að markmið skólans sé fyrst og fremst að minnka úrgang (og þar með neyslu) skólans, endurnotkun kemur þar á eftir og þegar ekki er hægt að nýta hluti frekar eru þeir settir í endurvinnslu. Einnig er gott að miða við að ekkert af því sem fer frá skólanum fari í urðun.

Matið hér á eftirskiptist í þrjá flokka *minnkun úrgangs*, *endurnotkun* og *endurvinnsla*. Myndin hér að neðan lýsir þessu áætlega.



Minnkun neyslu og úrgangs:

Matur

Aths.

Eru gefnir hæfilegir skammtar í mötuneytinu til að minnka matarsóun?		Já	Nei	Stundum er sett aðeins meira á diskinn en við myndum vilja.
Skammta nemendur sér sjálfir í mötuneyti?		Já	Nei	Bara unglingarnir.
Eru keyptar inn vörur í stórum pakkningum eða umbúðalausar þegar kostur er á?		Já	Nei	Allavega að hluta.
Er keyptur inn úr heimabyggð/nærumhverfi eftir fremsta megni?		Já	Nei	Ekki allt.
Er notaður margnota borðbúnaður (líka við hátíðir og annað uppbrot í skólanum)?		Já	Nei	
Koma nemendur með nesti í margnota nestisboxum (ekki einnota plastpokum)?		Já	Nei	Komum ekki með nesti. Í gönguferðum væri gott að senda póst heim þar sem nemendur væru minntir á að koma með margnota nestisbox með sér.
Koma nemendur eingöngu með umbúðalaust nesti, s.s. engar fernur, jógúrt dósir o.s.frv.		Já	Nei	Þetta á ekki við.

Þrif

Eru ruslatunnurnar plastpokalausar?		Já	Nei	Ekki allar en það eru alltaf fleiri ruslatunnur
-------------------------------------	--	----	-----	---

			plastpokalausar. Við gætum bætt okkur í þessu.
Ef nei, eru pokarnir tæmdir eftir notkun og þeir endurnýttir?		Já	Nei
Er reynt að takmarka magn t.d. hreinsiefna, sápu og annars?		Já	Nei
Eru keyptar umhverfismerktar vörur?		Já	Nei
Eru tuskur notaðar í stað pappírs til þrifa?		Já	Nei

Salerni

Aths.

Eru blásarar, handklæði eða -klútar notaðir til handþurrkunar (en ekki pappír)?		Já	Nei	Þetta má skoða, nota blásara, þvottapoka eða handklæði.
Ef notaður er pappír, er hann umhverfisvænn og aðeins notað eitt bréf?		Já	Nei	Pappírinn er umhverfisvænn en margir nota fleiri en eitt bréf.

Annað

Er almenn stefna í skólanum að takmarka öll innkaup?		Já	Nei	
Er kennsluefni notað rafrænt þegar kostur er (í stað útprentunar)?		Já	Nei	Stundum.
Er reynt að takmarka útprentun eins og hægt er?		Já	Nei	Ekki alls staðar, t.d. í tómstund þar sem myndir eru prentaðar út og síðan bara krotað smá á þær.
Er pappír alltaf nýttur beggja megin t.d. við ljósritun og prentun?		Já	Nei	Ekki alltaf. Má gera betur.
Eru umbúðir sem berast skólanum, s.s. pappakassar, endurnýttar eins og kostur er?		Já	Nei	Sumt er notað í myndmennt en annað fer bara í endurvinnslugáminn.
Er passað upp á að hlutir sem keyptir eru til skólans séu vandaðir og endingargóðir?		Já	Nei	Sumt. En ekki útidótið eins og t.d. skóflurnar.
Er lögð áhersla á að fara vel með eigur skólans?		Já	Nei	Það er lögð áhersla á það en það er ekki alltaf gert. Má bæta.
Eru tölvupóstar sendir til foreldra í stað dreifibréfa á pappír?		Já	Nei	
Ef póstur er sendur, er þá sent eitt bréf á fjölskyldu?		Já	Nei	Eins og t.d. árshátíðarauglýsingar.
Eru skólabúningar við skólann?		Já	Nei	
Ef nei, hefur sú hugmynd verið rædd til að takmarka fatakaup heimila?		Já	Nei	Það hafa verið peysur í boði, Heiðarskólapeysur.
Er markvisst reynt að koma óskilamunum í réttar hendur?		Já		Það er reynt en gengur ekki alltaf. Föt eru illa merkt.

Endurnotkun:

Er pappír nýttur beggja megin?		Já	Nei	Stundum. Má gera betur.
Er afgangspappír endurnýttur t.d. til sköpunar, pappírsgerðar eða sem minnismiðar?		Já	Nei	
Eru pakkningar kem koma í hús endurnýttar t.d. til sköpunar eða leiks?		Já	Nei	Sumt er notað í myndmennt en annað fer bara í endurvinnslugáminn.

Eru námsbækur endurnýttar eins og kostur er?		Já	Nei	Nemendur þurfa að passa að krotta ekki í lesbækur.
Er afgangsmatur endurnýttur í mötuneytinu?		Já	Nei	Hænur fá afganga. Stundum eru afgangar settir í frysti og hitaðir seinna.
Er haldinn fatamarkaður þar sem nemendur geta skipst á fötum eða óskilafatnaði er komið aftur í umferð (t.d. seldur til fjáröflunar)?		Já	Nei	Við erum með nytjahillu þar sem hægt er að setja föt og taka.

Endurvinnsla:

Hvað af eftirtöldu er flokkað í skólanum?

Pappír	Plast	Málmur	Bylgjupappi	Föt/efni	Blekhyllki	Rafhlöður
Raftæki	Gler	Lífrænn úrgangur	Ljósaperur	Gosflöskur/dósir	Spilliefni	

Annað, hvað?

Er lífrænn úrgangur flokkaður sér?		Já	Nei	
Ef já, fer moltugerð fram í skólanum?		Já	Nei	
Ef já, er bæði settur "þurr" og "blautur" lífrænn úrgangur í moltutunnuna?		Já	Nei	
Er moltan nýtt á skólalóðinni?		Já	Nei	
Ef nei, er moltan nýtt annars staðar en á skólalóðinni, t.d. af bændum sem dýrafóður?		Já	Nei	
Hafa allir (starfsmenn og nemendur) aðgang að endurvinnslutunnum?		Já	Nei	
Eru leiðbeiningar um hvernig á að flokka á tunnunum?		Já	Nei	
Er eitthvað í tunnunum sem ekki á að vera?		Já	Nei	
Ef já, hvað er á röngum stað?		Já	Nei	Pappír og plast í óflokkaða ruslinu.
Er magn úrgangs vigtað eftir flokkum? (sjá eyðublað á heimasíðu)		Já	Nei	Við vitum ekki til þess.
Fara nemendur sjálfir með úrgang í endurvinnslutunnur?		Já	Nei	
Er reynt að takmarka eftir fremsta megni úrgang sem sendur er til urðunar?		Já	Nei	Getum gert betur.

Fræðsla:

Aths.

Vita allir í skólanum að skólinn er að reyna að minnka úrgang?		Já	Nei	
--	---	----	-----	--

Vita allir í skólanum af hverju skólinn er að reyna að minnka úrgang?		Já	Nei	
Eru leiðbeiningar á áberandi stað um hvernig á að flokka úrganginn?		Já	Nei	
Vita allir í skólanum hvernig hægt er að minnka úrgang?		Já	Nei	
Fá nemendur og starfsmenn leiðbeiningar um hvernig hægt er að minnka úrgang?		Já	Nei	
Vita allir í skólanum hvað verður um a) það sem sent er í endurvinnslu og b) það sem ekki er sent í endurvinnslu?		Já	Nei	
Fá nemendur/starfsmenn fræðslu um ábyrga neyslu s.s. a) vistspor og b) sanngjörn viðskipti (fair trade)?		Já	Nei	Mætti vera meiri.
Fá nemendur/starfsmenn fræðslu um áhrif eigin neyslu á umhverfi, mannréttindi o.fl.?		Já	Nei	Þarf að vera meiri.

Hvaða markmið og aðgerðir getur skólinn sett sér um úrgang og neyslu?

Markmið:

- Nota minna plast.
- Nota meira af endurnýtanlegum hlutum (ekki einnota hlutum).
- Flokka næstum því allt.

Aðgerðir:

- Hætta að nota einnota hanska og svuntur í eldhúsinu og nota frekar tangir, meiri handþvott, tausvuntur.
- Nota ílát (t.d. úr gleri) með loki eða vaxdúka í eldhúsinu frekar en plastfilmur.
- Endurnýta ílát sem til falla, t.d. ísbox.
- Farið vel með hluti úr plasti eins og yddara, reglustikur, blýpenna og skæri.
- Nota frekar tréblýanta heldur en blýpenna úr plasti.
- Nota endurnýtanlega poka til þess að setja t.d. ávexti og brauð í í búðinni.
- Nota endurnýtanlega innkaupapoka.
- Hugsum um það hverju við erum að henda og hendum ekki flokkanlegum úrgangi í óflokkaða ruslið.



Umhverfismat

Gátlisti fyrir grunnskóla og framhaldsskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir lífbreytileika í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á mið- og unglingastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til að leiðbeina um hvernig best er að framkvæma matið.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum eða öðrum starfsmönnum til að svara spurningunni



Nemndur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að fá svar við spurningunni



Hér þarf mælingar yfir einhvern tíma til að svara spurningunni

Dagsetning: **2. Október 2020**

Undirskriftir þátttakenda: **5., 6. og 7. bekkur Heiðarskóla**

Lífbreytileiki

Þróun lífs hér á Jörð hefur tekið milljónir ára. Á þessum milljónum ára hafa orðið til ótal tegundir lífvera sem mynda samhangandi lífkerfi. Allar þessar lífverur, lífform og lífsamfélög eru hluti af lífbreytileika Jarðarinnar. Lífbreytileiki, eða líffræðileg fjölbreytni, tekur þannig til fjölbreytileika allra lífverutegunda Jarðarinnar, þ.e. plantna, dýra, sveppa og örvera. Hann tekur einnig til erfðabreytileika innan og meðal þeirra sem og fjölbreytileika vistkerfa og samspils lífvera innan þeirra. Vistkerfi eru samfélög plantna, dýra, sveppa og örvera og samspil þeirra við umhverfi sitt. Vistkerfi mynda grundvöll þess að líf þrífist hér á Jörð.

Skólalóðin

Eru gróin svæði á skólalóðinni?		Já X	Nei
Eru mismunandi búsvæði að finna á skólalóðinni?		Já X	Nei
Setjið hring utan um þau sem þið finnið: Skóglendi X Votlendi X Vatn (t.d. tjörn, á, strönd) X Tún X Mosi X Runnar X Heiði X			
Eru innlendar plöntu- og trjátegundir á skólalóðinni?		Já x	Nei
Eru margar tegundir af plöntum á skólalóðinni?		Já x	Nei
Eru margar tegundir af dýrum (t.d. fuglum og pöddum) á skólalóðinni?		Já x	Nei
Hvaða og hversu margar tegundir getið þið fundið? Hestar, kindur, minkur, hundar, kettir, pöddur, fuglar			
Eru græn svæði á skólalóðinni tengd saman (til að búa til sem stærst búsvæði fyrir plöntur og dýr)?		Já x	Nei
Er misdjúpt vatn að finna á skólalóðinni eða í nágrenninu (sem veitir aðstæður fyrir fjölbreytt búsvæði í vatninu)?		Já x	Nei
Hjálpar skólinn við að bjóða upp á margskonar búsvæði fyrir plöntur og dýr?		Já X	Nei
Gerið hring utan um þau sem þið eruð með: Viðarhrúgur Steinahrúgur x Pödduhótel Blóm og jurtir x Runnar x Villt svæði x			

Er fylgst með nýgróðursettum trjám?		Já x	Nei
Hugsið þið um nýgróðursett tré (t.d. með því að vökva og veita skjól eða styðja við trén)?		x	
Fylgist þið með trjánum og lífsferli þeirra?		x	
Eru búsvæði fyrir fugla á skólalóðinni?		Já x	Nei
Setjið hring utan um það sem þið eruð með eða gerið til að laða að fugla: Fuglahús Gefið fuglunum Fuglabað Fuglaprik <i>x (trén)</i> Runnar eða tré með fuglaberjum <i>x</i> Aðstaða til að skoða fugla			
Er skordýra- eða plöntueitur notað á skólalóðinni?		Já	Nei x
Þegar mold er keypt, er þess gætt að hún sé ekki úr mó (sem eyðileggur mólendi)? <i>Við vitum það ekki alveg...</i>		Já	Nei
Hefur verið framkvæmd könnun á lífbreytileika á skólalóðinni?		Já x	Nei
Ef já, hafið þið endurtekið könnunina og séð hvort einhverjar hafa bæst við?		Nei ekki enn	
Er leiksvæði hannað með tilliti til plöntu- og dýrabúsvæða?		Já x	Nei

Fræðsla:

Skilja flestir nemendur hugtakið lífbreytileiki (líffræðilegur fjölbreytileiki)? Eða: Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu lífbreytileiki (líffræðilegur fjölbreytileiki)?		Já x	Nei
Kunna nemendur að greina á milli búsvæða plöntu- og dýrategunda?		Já x	Nei
Fá nemendur tækifæri til að fylgjast með breytingum (t.d. eftir árstíðum eða árum) í nærumhverfi?		Já x	Nei
Þekkja nemendur mikilvægi lífbreytileika fyrir vistkerfi heimsins?		Já x	Nei
Hafa sérfræðingar verið fengnir til þess að útskýra lífbreytileika?		Já x	Nei
Geta nemendur nefnt ágengar framandi tegundir á Íslandi?		Já x	Nei
Geta nemendur nefnt ágengar framandi tegundir erlendis? <i>Ekki án þess að kynna okkur það meira...</i>		Já	Nei x
Eru einhver svæði í nærumhverfinu eða á Íslandi sem nemendur gætu bent á að þurfi sérstaklega vernd vegna lífbreytileika?		Já x	Nei

Hvað eru helstu ógnir sem steðja að lífbreytileika á Íslandi og þær afleiðingar sem þær geta haft? Mengun, loftlagsbreytingar, þegar tré eru felld, rusl 	Já	Nei
Hvað eru helstu ógnir sem steðja að lífbreytileika á heimsvísu og þær afleiðingar sem þær geta haft? Dýr sem deyja út, mengun, svæði sem breytast í eyðimörk, vatnsskortur 	Já	Nei
Hvað er hugtakið erfðabreyttar lífverur (GMO) og áhrif þeirra á lífbreytileika? Purfum að kynna okkur þetta betur... 	Já	Nei
Hvað eru einhverjar leiðir til þess að sporna gegn tapi á líffræðilegum fjölbreytileika? Hætta að menga, fylgjast með dýraveiðum, fleiri vindmyllur, minnka kjötneyslu, breyta neyslu 	Já	Nei

Markmið og aðgerðir í lífbreytileika

1. Menga minna
2. Minnka dýraveiðar
3. Kaupa minna
4. Byggja minna
5. Minnka plastnotkun
6. Höggva minna af trjám
7. Minnka neyslu